

Umsögn

um framkomnar athugasemdir um kynningu á áformum um friðlýsingu verndar- svæðis norðan Dyrfjalla og náttúruvættisins Stóruður

Á fundi bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, sem haldinn var þann 6. mars 2019, var samþykkt að óska eftir því við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að hafin verði vinna við mögulega friðlýsingu jarðanna Hrafnabjarga, Unaóss og Heyskála í Hjaltastaðapinghá, að hluta eða í heild, með sérstaka áherslu á Stóruður.

Samstarfshópur hefur það hlutverk að vinna að undirbúningi friðlýsingarinnar. Hópin skipa fulltrúar Umhverfisstofnunar, Fljótsdalshéraðs, landeigenda Hrafnabjarga, Heyskála, Unaóss og Sandbrekku og umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Fyrsti fundur samstarfshópsins var haldinn þann 9. júlí 2019. Á þeim fundi var tekin ákvörðun um að auglýsa áform um friðlýsingu jarðanna Hrafnabjarga, Heyskála og Unaóss í heild sinni. Áformin voru kynnt þann 17. júlí 2019 og frestur til að gera athugasemdir var til og með 18. september s.á. Auglýsing var birt í Lögbirtingablaði, á heimasíðum Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis, á facebook síðu Umhverfisstofnunar, í Fréttablaðinu og á vefmiðlinum Austurfrétt. Jafnframt var sent erindi til eftirfarandi aðila þar sem vakin var athygli á áformunum:

Ferðafélag Íslands	Náttúruverndarsamtök Austur-	Eva Nína Einarsdóttir
Ferðamálastofa	lands	Björn Þór Helgason
Félag leiðsögumanna	Náttúrustofa Austurlands	Sigurður Oddur Einarsson
Flugmálafélag Íslands	Ferðamálahópur Borgarfjarðar	Þóra Guðbjörg Björnsdóttir
Fuglavernd	Ferðafélag Fljótsdalshéraðs	Andrés Björnsson
Hafrannsóknastofnun	Ferðamálasamtök Austurlands	Erlingur Kristinn Ævarr Jónsson
Landgræðsla ríkisins	Borgarfjarðarhreppur	Anna Esther Ævar Jónsdóttir
Landssamband hestamannafélaga	Austurbrú	Jón Erlings Jónsson
Landssamtök hjólreiðamanna	Friðrik Steinar Svavarsson	Jón Sveinsson
Landvarðafélag Íslands	Margrét Ingibjörg Geirsdóttir	Snæbjörn Ó. Vilhjálmsson
Landvernd	Íris Inga Svavarsdóttir	Vilborg Magnúsdóttir
Náttúruverndarsamtök Íslands	Ásta Steingerður Geirsdóttir	Heiðrún Brynja Birgisdóttir
Samgöngustofa	Valur Þór Einarsson	Emil Dan Vilhjálmsson
Samtök ferðaþjónustunnar	Guðráður Óttar Sigurðsson	Sesselja Birgisdóttir
Samtök útivistarfélaga	Guðrún Sigurjónsdóttir	Magnús Már Vilhjálmsson
Skipulagsstofnun	Dagþór S. Haraldsson	Sigbjörn Þór Birgisson
Skotvís	Sólveig Sigurðardóttir	Stefán Scheving Einarsson
Skógræktin	Edda Margrét Jensdóttir	Sigurður Klausen
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	Sigurjón Kristinn Baldursson	Vilborg Magnúsdóttir
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Íris Sigurðardóttir	Emil Thoroddsen
Útivist	Guðfinna Björnsdóttir	Ingiberg Magnússon
Vegagerðin	Lára Björg Helgadóttir	Halldór Sigurðsson
Stefán Geir Stefánsson	Sigurlaug Huld Helgadóttir	Karl Hildálf Sigurðsson
Búnaðarfélag Hjaltastaðapinghár	Grétar Heimir Helgason	Sólveig Sigríður Sigurðardóttir
Félag hreindýraleiðsögumanna	Birna Björnsdóttir	Lilja Ólafsdóttir

Umsögn

Alls bárust níu athugasemdir og ábendingar á kynningartíma um áform um friðlýsingu svæðisins og verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim ásamt umsögn Umhverfisstofnunar.

Afmörkun svæðisins

Með athugasemd dags. 14. ágúst 2019 benti Hjörleifur Guttormsson á að hluti Stóruðar væru utan þess svæðis sem auglýst var og vísaði til heimilda því til stuðnings. Í athugasemdinni benti Hjörleifur á að til að tryggja verndun Stóruðar allrar væri eðlilegt að leita til núverandi eiganda Sandbrekku til að vernda Stóruð alla og að mörk gætu þá t.d. verið dregin um vatnaskil á Lambamúla niður í Eiríksdalsá.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Samstarfshópur um undirbúning friðlýsingarinnar tekur undir ábendinguna. Haft hefur verið samband við eiganda Sandbrekku og á hann fulltrúa í samstarfshóp um undirbúning friðlýsingarinnar. Í samstarfshóp verða teknar til umræðu mismunandi útfærslur að mörkum með það að markmiði að Stóruð öll njóti verndar.

Verndargildi

Samhliða auglýsingu um áform óskaði Umhverfisstofnun eftir mati Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi svæðisins. Athugasemdir Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt mati á verndargildi bárust þann 23. ágúst 2019. Farið var yfir helstu náttúrufarsþætti og mun umfjöllunin gagnast mjög vel, bæði við undirbúning friðlýsingar svæðisins og einnig við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið. Í erindi sínu bendir Náttúrufræðistofnun Íslands á að bæta ætti Njarðvík við friðlýsta svæðið.

Samstarfshópurinn var sammála um að halda áfram vinnu með áherslu á það svæði sem lagt var upp með í upphafi, þ.e. Hrafnabjörg, Heyskála og Unaós og bæta við hluta Sandbrekku í því skyni að vernda Stóruð alla. Síðar megi stækka svæðið ef áhugi landeigenda og sveitarfélags sé fyrir hendi.

Veiðar á svæðinu

Hafrannsóknarstofnun benti á í athugasemdum sínum, dags. 9. ágúst 2019, að innan þess svæðis sem áform eru um að friðlýsa eru ár þar sem veiðinýting er, þar á meðal Selfljót og Gilsá. Í ánum eru stofnar göngufiska sem löng hefð er fyrir veiðinýtingu á. Veiðiskráning liggur fyrir. Hafrannsóknarstofnun benti á að þeir sem stunda veiði þurfa að hafa svigrúm til þess sem taka þarf tillit til við gerð friðlýsingarskilmála. Einnig var bent á að gera þurfi ráð fyrir svigrúmi fyrir veiðiréttthafa til þess að sinna og uppfylla skyldur um sjálfbæra nýtingu og mögulega fiskirækt sem stofnunin telur að eigi að geta rúmast innan skilmála friðlýsingar. Þá benti Hafrannsóknarstofnun einnig á að við veiðiár eru oft veiðihús og þjónusta fyrir veiðimenn og að því þurfi að huga við skipulag svæðisins og markmið friðlýsingar.

Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH) gerir ekki athugasemdir við áætlaða friðlýsingu með erindi sínu dags. 18. september 2019. Í athugasemd kemur fram að félagið telji mikilvægt að gætt verði að því að hefðbundin nýting jarðanna verði ekki takmörkuð frá því sem nú er og sérstaklega var lögð áhersla á að ekki verði settar takmarknir á veiðar á svæðinu frá því sem hefur verið.



Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Samstarfshópur telur að áframhaldandi veiðinýting á svæðinu hafi ekki áhrif á þá landslagsheild sem stefnt er að því að vernda og er sammála um að gert verði ráð fyrir þessari nýtingu áfram. Hvað varðar uppbyggingu veiðihúsa og þjónustustarfsemi er bent á að almennt er tekið fram í friðlýsingarskilmálum að mannvirkjagerð á svæðinu sé háð leyfi landeigenda, sveitarfélags og Umhverfisstofnunar. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæðið verði með öðrum hætti í þeirri friðlýsingu sem fyrirhuguð er og uppbygging veiðihúss eða annarra þjónustumannvirkja falli undir það.

Hvað varðar aðrar veiðar er það afstaða samstarfshóps að ekki er vilji til að takmarka hreindýraveiðar á svæðinu að því undanskildu að skoða á sérstaklega veiðar í Stóruð verði hún skilgreind sem náttúruvætti líkt og komið hefur til tals. Samhliða verður tekin til skoðunar umferð vélknúinna farartækja í tengslum við veiðar á sama svæði.

Vegir

Í athugasemd frá Vegagerðinni, dags. 9. september 2019 kemur fram að Borgarfjarðarvegur liggur um fyrirhugað friðlýst svæði á um 8 km svæði og að veghelgunarsvæði stofnvega nær 30 m frá miðlínu í hvora átt. Vegagerðin áskilur sér rétt til að umgangast veghelgunarsvæði eins og lög kveða á um, þar með talið rétt til viðhalds og þjónustu vegarins. Vegagerðin bendir á að til framtíðar er metið svo að þörf sé á að færa veglínu núverandi vegar, meðal annars til að uppfylla betur kröfur um umferðaröryggi og auka þjónustu við vegfarendur.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Samstarfshópur er sammála um að ekki sé þörf á sérstöku leyfi vegna viðhalds og þjónustu vegarins og styður að farið verði í vegabætur til að auka umferðaröryggi og þjónustu við vegfarendur.

Hjólreiðar

Í erindi, dags. 8. ágúst 2019, fagnar Árni M. Magússon framkvæmdastjóri Fjord Bikes friðlýsingunni og lýsir yfir áhuga á að taka þátt í skipulagningu svæðisins með fjallahjólaleiðir í huga. Í erindinu eru lagðar til leiðir sem hægt væri að skilgreina sem hjólaleiðir.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Umferð reiðhjóla um svæðið verður tekin fyrir sérstaklega hjá samstarfshóp sem vinnur að undirbúningi friðlýsingarinnar en ætla má að nauðsynlegt sé að skilgreina sérstaklega þær leiðir sem ætlaðar verða fyrir hjólandi.

Aðrar athugasemdir og ábendingar

Með athugasemd, dags. 3. ágúst 2019, gerði Eyrún Heiða Skúladóttir athugasemdir sem samstarfshópurinn telur vera byggðar á misskilningi.

Í erindi hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps, dags. 7. ágúst 2019, óskaði hreppsnefndin eftir nánari upplýsingum um hvað þessi friðlýsing þýðir fyrir núverandi starfsemi og búsetu á svæðinu m.a. um hvaða friðlýsingaflokk er að ræða.



Minjastofnun Íslands sendi athugasemdir við áform um friðlýsinguna þar sem fram kemur að stofnunin telji að rétt sé að fresta vinnu við friðlýsingar á svæðum þar sem stjórnýsla Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar skarast, en svæðið sem áformað er að friðlýsa samkvæmt lögum um náttúruvernd tekur til jarða þar sem byggð hófst fyrir meira en 100 árum og telst ein þeirra til landnámsjarða. Búsetulandslag eldra en 100 ára telst til fornleifa samkvæmt lögum um menningarminjar og er þar með friðað. Það sama á við um allar aðrar manngerðar minjar 100 ára og eldri.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Hvað varðar athugasemdir Eyrúnar Heiðu Skúladóttur telur Umhverfisstofnun að athugasemdirnar séu byggðar á misskilningi en tillaga að friðlýsingu svæðisins er unnin í samstarfi við sveitarfélag og eigendur svæðisins og er unnin að öllu leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Hvað varðar erindi hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps um friðlýsingarflokk hefur samstarfshópur miðað við að lagt verði til að svæðið verði friðlýst í heild sem landslagsverndarsvæði, en að mögulega verði skilgreind ákveðin afmörkuð svæði sem friðlýst verði í öðrum friðlýsingarflokk, s.s. náttúruvætti. Hvað varðar upplýsingar um hvað friðlýsing þýðir fyrir núverandi starfsemi verður slíkt ákveðið þegar tillaga að friðlýsingarskilmálum verður unnin í samstarfshóp. Friðlýsingin mun ekki hafa áhrif á búskap á jörðum innan svæðisins, enda geta friðlýsing og búskapur farið vel saman.

Hvað varðar athugasemdir Minjastofnunar um að stofnunin telji rétt að fresta vinnu við friðlýsingar á svæðum þar sem stjórnýsla Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar skarast bendir Umhverfisstofnun á að nú stendur yfir átak í friðlýsingum sem kveðið er á um í ríkisstjórnarsáttmála. Minjastofnun hefur verið boðið að eiga sæti í samstarfshóp sem vinnur að undirbúningi friðlýsingarinnar. Þá bendir Umhverfisstofnun jafnframt á að stefnt er að því að leggja til að svæðið verði friðlýst sem landslagsverndarsvæði sbr. 50. gr. laga um náttúruvernd. Það felur m.a. í sér að friðlýsingin skal miða að því að varðveita sérkenni og einkenni landslagsins, fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess. Friðlýsing svæðisins samkvæmt lögum um náttúruvernd hefur ekki áhrif á hlutverk eða ábyrgð Minjastofnunar Íslands varðandi menningarminjar, fornleifar og búsetulandslag á svæðinu.